

# Samningur

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, kt. 511199-2049, Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, í samningi þessum nefnd Fræðslumiðstöð og undirritaður leiðbeinandi, í samningi þessum nefndur leiðbeinandi, og gera með sér svofelldan samning um kennslu.

## 1. gr. Almenn ákvæði.

Leiðbeinandi tekur að sér kennslu neðangreinds námskeiðs samkvæmt ákvæðum 2 greinar þessa samnings. Leiðbeinandi velur námsefni í samráði við Fræðslumiðstöð og útbýr kennsluáætlun.

Fræðslumiðstöðin útvegar leiðbeinanda eintök af námsbókum ef við á. Kennaraeintökin eru eign Fræðslumiðstöðvarinnar og skal leiðbeinandi skila miðstöðinni þeim að námskeiði loknu. Kennslugögn fyrir nemendur, ef við eiga, eru innifalin í námsskeiðsverði. Við ljósritun á námsefni skal leiðbeinandi virða ákvæði höfundaréttar.

Við námskeiðslok skal leiðbeinandi framkvæma námskeiðsmat á eyðublöðum sem Fræðslumiðstöð útvegar og dreifa viðurkenningum.

Sé um lengri námskeið að ræða skal leiðbeinandi upplýsa Fræðslumiðstöðina um gang námskeiðsins að minnsta kosti tvisvar á námskeiðstímanum og oftár ef verulegar breytingar verða á námskeiðinu, svo sem vegna breytinga á kennslustundum eða nemendahópnum.

## 2. gr. Upplýsingar um kennara, námskeið og greiðslur.

Nafn	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer

Heiti námskeiðs	Kennslustaður
Kennslutími	
Upphaf námskeiðs/samnings	Lok námskeiðs/samnings

Fjöldi kennslustunda/eininga	Laun á kennslustund	Aðrar greiðslur eða athugasemdir
Bankareikningur	Greiðslur. Eigi síðar en 15 dögum eftir að námskeiði lýkur.	Heildarlaun

## 3. gr. Eintök samnings.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt fyrir hvorn samningsaðila.

Ísafirði, 2008

Undirskrift leiðbeinanda

F.h. Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

## Námslýsing

### Viðauki I

Mikilvægt er að kennarar Fræðslumiðstöðvarinnar gæti trúnaðar og fagmennsku í starfi fyrir miðstöðina. Í því sambandi skulu þeir m.a. hafa í huga eftirtalin atriði:

1. Trúnaður við nemendur og þagnarskylda.
2. Að bera virðingu fyrir öllum nemendum.
3. Ekki að hengja sig á einn eða fáa nemendur.
4. Ekki hafa neinn nemanda afskiptalausán.
5. Virða sjálfsmýnd og reynslu nemandans.
6. Reyna að virkja nemendur í námi.
7. Stuðla að því að nemendum líði vel og þeir njóti námsins.

Við kennslu námskráa frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er farið eftir gæðaviðmiðum sem FA setur. Sömu gæðaviðmið eru einnig lögð til grundvallar við alla aðra kennslu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Slóðin á gæðaviðmiðin er <http://www.fraedslumidstod.is/default.asp?id=573>

### Viðauki II

Leiðbeinandi er ábyrgur fyrir öllum gjöldum er skylt er að greiða af launum samkvæmt samningi þessum. Þau eru í október 2007:

1. Lífeyrissjóðsgjald, 12% af launum (lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða)
2. Tryggingagjald, 5,34% af launum (lög nr. 113/1990 um tryggingagjald).
3. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi, 35,72% (lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, 7. og 58. grein).

Séu greiðslur frá Fræðslumiðstöð undir 300 þúsund krónum á ári, miðað við október 2007, nægir að telja þær einungis fram með skattframtali og greiða ofangreind gjöld eftir á.